

Brjef landshöfðingja til stiptsyfirvaldanna um lántökuleyfi 2. marz.
handa prestakalli til kirkjubyggingar. — Samkvæmt tillögum stiptsyfirvaldanna í þóknanlegu brjefi, dags. 24. f. m., vil jeg hjermeð eptir beiðni prestsins að Stað í Grunnavík, sjera Pjeturs M. Þorsteinssonar, er hlutadeigandi prófastur hefur mælt með, veita samþykki mitt til, að tjeður prestur taki enn 300 kr. lán upp á tekjur prestakallsins til kirkjubyggingarinnar á Stað, í viðbót við þær 700 kr., sem jeg með brjefi mínu dags. 25. sept. f. á.¹ leyfði að taka mætti að láni til tjeðrar byggingar; þó er lántökuleyfið bundið því skilyrði, að allt lánið, 1000 kr., verði endurborgað í síðasta lagi á 16 árum með 62 kr. 50 a. á ári auk vaxta, og að afborganir og vextir verði fyrst um sinn greitt af uppbót þeirri, sem Staðarprestakalli er lögð af landssjóði.

Brjef landshöfðingja til sýslumannsins í Mýra- og Borgarfjarðar- sýslu um útreikning á sýsluvegagjaldi. — Út af fyrirspurn yðar, herra 2. marz.
sýslumaður, í þóknanlegu brjefi, dags. 22. jan. þ. á., um það, hvort reikna beri gjald það, sem hreppssjóðirnir eiga að greiða til kostnaðar við sýsluvegi samkvæmt 10. gr. í lögum um vegi 10. nóv. 1887, eptir þeirri verðlagsskrá, sem gildir þegar gjaldið á að greiðast sýslumanni (á manntalsþingi), eða eptir verðlagsskrá undanfarandi árs, skal yður hjermeð þjónustusamlega tjáð, að með því að þegar er skorið úr þessari spurningu með dómsmálastjórnarbrjefi 9. nóv. 1867 — en litt virðist máli skipta að leita breytingar á þeirri fyrirskipan, er þar er gjörð, — þá tjáir ekki annað en fylgja fyrirmælum nefnds brjefs, er ekki getur álitizt úr gildi fallið, þótt ný vegalög hafi verið út gefin.

Brjef landshöfðingja til amtmannsins í norðuramtinu og austuramtinu, um aðalpóstleiðina í Húnavatnssýslu o. fl. — Í framhaldi brjefs 3. marz.
míns 8. maí 1890² um skipan aðalpóstvega í norður- og austuramtinu tilkynnist yður hjermeð, að jeg samkvæmt lögum um vegi 10. nóv. 1887, 6. gr., hef skipað svo fyrir, að aðalpóstleiðin um Húnavatnssýslu frá Stóru Giljá skuli liggja um Blönduós og síðan fram Langadal að Bólstaðarhlíð, fram Svartárdal og norður Vatnsskarðsveg að sýslumótum Húnavatns og Skagafjarðarsýslna.

Í sambandi við þetta skal jeg hjermeð út af áskorun nedri deildar síðasta alþingis um breytingu á aðalpóstleiðinni í Þingeyjarsýslum og Norðurmúla-sýslu þjónustusamlega skora á yður, að láta leita álits og tillögu sýslunefndanna í nefndum sýslum og ef til kemur einnig amtsráðanna um það, hvort ástæða sje til að gjöra hina umræddu breytingu frá því, er samkvæmt tillögum tjeðra sýslunefnda og amtsráðsins var ákveðið með nefndu brjefi mínu 8. maí 1890, og skal jeg þjónustusamlega biðja yður að senda sýslunefndunum til leiðbeingar

1) Stjt. 1891, B, bls. 171, nr. 126.

2) Stjt. 1890, B, bls. 74, nr. 65.